

Fundargerð

31. fundur í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 4. júní 2019 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Trausti Baldursson (TB), Leó Alexander Guðmundsson (LAG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) boðaði forföll og varamaður hans gat ekki mætt.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 30. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

- Hafrásæðingastöð verður tekin í notkun í haust á Hvanneyri og mun Geitfjárræktarfélag Íslands sjá um reksturinn. Markar þetta tímamót fyrir varðveislu geitfjástofnsins.
- Aukið samstarf við Fræðasetur um forystufé – skráningar í Fjárnvís.
- Matís hefur unnið að verkefnum um geitaafurðir, kjötmat ofl.
- Emma Eyþórsdóttir og Birna Kristín Baldursdóttir voru skipaðir fulltrúar í húsdýraráð Nordgen 2019-2022
Umsjónarmaður Erfðalindaseturs LbhÍ BKB sótti fund í húsdýraráði Nordgen sem haldin var í Kaupmannahöfn 8. 9. maí. Farið yfir stöðu verkefna sem Nordgen er að vinna að m.a. verður gefin út sérstök útgáfa af Acta Agri. Scandinavica tímaritinu þar sem birtar verða greinar um norrænar erfðaauðlindir.
- BKB sótti vinnufund ERFPP í Madrid 21. – 23. maí (In situ and valorisation of AnGR).
Þar var ný heimasíða ERFPP kynnt www.animalgeneticresources.net
BKB kynnti stöðuna á Íslandi stjórnsýsluna, landsáætlun erfðanefndar, búfjárkynin og þá sérstaklega þau sem eru í hættu.
Lögð mikil áhersla á „Best practice“ – þ.e. að safna saman sögum þar sem vel hefur tekist til með varðveislu búfjárkynja.
- EE sagði frá skýrslu Nordgen um plöntukynbætur í hnattrænni hlýnun sem hún þýddi útdrátt úr og birtist í Bændablaðinu þann 29. maí sl. Einnig að fengist hafi undanþágur fyrir nokkra starfsmenn frá svokallaðri 8 ára reglu sem gildir fyrir starfsfólk Nordgen þar sem erfitt hefur verið að finna hæft fólk til að sinna svo sérhæfðum verkefnum. Búið er að samþykkja að byggja nýtt húsnæði fyrir starfsemi Nordgen í Alnarp í Svíþjóð. Ákveðið hefur verið að Grin global gagnagrunnur fyrir plöntur komi í stað SESTO gagnagrunns.
- Erfðanefnd veitt umsögn um frumvarp um dýrasjúkdóma ofl. mál 766., um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, þingskjal 1060-647. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.
- Gengið hefur verið frá nýrri landsáætlun erfðanefndar 2019-2023 um verndun erfðaauðlinda í landbúnaði. Landsáætlunin verður birt á heimasíðu nefndarinnar.

4. Rekstraráætlun fyrir 2019

Drög að áætlun fyrir 2019

Tekjur:

| | |
|--|-------------------|
| Óráðstafað eigið fé 31.12.2018 | 3.714.733 |
| Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR | 7.000.000 |
| Samtals | 10.714.733 |

Gjöld:

| | |
|---|------------------|
| LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri | 3.226.000 |
| Isnic lén www.agrogen.is | 5.980 |
| BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár | 130.000 |
| Styrkir* | 4.000.000 |
| Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið | 70.000 |
| ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur) | 120.000 |
| ERFP fundur | 300.000 |
| Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017 | 175.000 |
| Fræðafélag um forystufé eftirstöðvar greiddar | 175.000 |
| ERL eftirstöðvar (ógreitt) | 102.500 |
| Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018 | 612.500 |
| Samtals | 8.916.980 |

*Ákveðið að hækka upphæð styrkja úr 3 millj. í 4 millj.

Eigið fé:

| | |
|---|------------------|
| Óráðstafað eigið fé 01.01.2019 | 3.714.733 |
| Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019 | - 1.916.980 |
| Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2019 | 1.797.753 |

* Ath gert er ráð fyrir að 75% styrkja verði greitt út við úthlutun.

Drög að áætlun fyrir árið 2109 var samþykkt

5. Styrkumsóknir 2019

Sex umsóknir um styrki bárust nefndinni, 75% styrkja er greitt út strax og 25% þegar lokaskýrsla hefur borist nefndinni

| Umsækjandi | Verkefni | Upphæð sem sótt er um | Veittir styrkir |
|--|--|-----------------------|------------------|
| Arnar Pálsson, HÍ | Erfðagreining á kynjahlutfölli í hrygningarstofnum laxfiska | 1.000.000 | 900.000 |
| Jón Hallsteinn Hallsson, LbhÍ | Geitahald á Íslandi – greining á stöðugleika geitahalds í tímans rás | 900.000 | 900.000 |
| Eigenda- og ræktendafélag landnámsþensna ERL | Úttekt á ræktunarstarfi landnámsþensunnar og framtíð þess. Vottun ræktunarstofna/búa | 900.000 | Hafnað* |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | Varðveisla erfðaefnis íslenska fjárhundsins | 700.000 | Hafnað* |
| Marcos Lagunas doktornemi HÍ | Erfðabreytileiki og erfðatengsl urriða á Íslandi | 800.000 | 800.000 |
| Steinunn Garðarsdóttir, LbhÍ | Nýr gagnagrunnur og plöntuleit Yndisgróðurs – Garð – og landslagsplöntur | 900.000 | 900.000 |
| Samtals | | 5.200.000 | 3.500.000 |

*Það var mat nefndarinnar að verkefni falli ekki að verkswiði og stefnumörkunaráætlun erfðanefndar landbúnaðarins. Lögð er áhersla á að veita styrki til afmarkaðra verkefna sem falla að hlutverki nefndarinnar.

6. Önnur mál

- Lokaskýrsla barst frá Eigenda- og ræktendafélagi landnámsþensna vegna styrks frá 2017 fyrir verkefnið „Ræktunar- og kynningarstarf landnámsþensunnar“.

7. Næsti fundur

- Næsti fundur verður ákveðin þegar ný erfðanefnd hefur verið skipuð.